



Umhverfisáætlun Landakotsskóla 2025-2026

Skólinn styður við alþjóðlega umhverfisvernd og vinnur að því að:
bæta umhverfisvitund nemenda og starfsmanna skólans.
vekja nemendur til umhugsunar um sameiginlega ábyrgð.
upplýsa aðra um umhverfisstefnu okkar og fá þá í lið með okkur.
tengja útinám við umhverfisvitund.

Grænfánateymi skólans

vinnur ýtarlega umhverfisáætlun fyrir næstu tvö skólaár.
safnar upplýsingum um stöðu umhverfismála í skólanum.
metur hvaða verkefni hafa forgang og gera áætlun um aðgerðir.
gerir kennsluáætlun til að bæta umhverfisvitund nemenda og starfsmanna.
sér um eftirlit og endurmat einu sinni á ári .

Leggjum áherslu á góða umgengni og frágang

Leikföng og spil merkt og eiga vísan stað í skólann.
Námsgögn sem ekki eru í notkun eiga vísan stað í skólanum.
Raða skóm, hengja upp fatnað.
Hvetja foreldra/forráðamenn til að merkja allar eigur barnanna.
Rusl er reglulega týnt á skólalóð og í fjöru.
Plokkarar eru til fyrir alla bekkir við lóðahreinsun skólans.

Aðgengi að flokkun sorps í skólanum

Öll flokkunarílát í rýmum skólans eru merkt.
Í hverri skólastofu eru þrjá tunnur, fyrir pappír, fyrir plast og fyrir annan úrgang.
Nemendur taka nestisafganga með sér heim.
Flöskur og dósir eru og settar í endurvinnslutunnu.
Notaðar rafhlöður fara í rafhlöðustand.
Flokkadur úrgangur er settur í viðeigandi gáma við skólann.

Drögum úr hvers kyns soun

Eflum meðvitund með nýtni og því að endurnota og endurvinna.
Lágmörkum notkun á einnota vörum.
Förum sparlega með pappír, prentum báðum megin þegar hægt er.
Endurnýtum pappír sem ekki hefur verið prentað á báðum megin.
Endurvinnum m.a. úr pappír, efni, kertum o.fl.
Kaupum notuð húsgögn í skólann frekar en ný.
Gefum gömlum hlutum nýtt líf (gera upp gamla hluti).
Nýtum ritföng og önnur skólagögn vel.

Notkun efna

Við notum umhverfisvæn efni við ræstingu.
Við höldum efnamagni í lágmarki.
Hreinlætisvörur eru vistvænar.
Sóttthreinsivörur eru vistvænar.